

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Hofsvallagata 53.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. desember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni nr. 53 við Hofsvallagötu verður fyrir stofnun í stað verslunar og þjónustu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt borgarráðs þann 19. nóvember 1991 tekið að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 13. desember 1991.

F. h. r.
Páll Lindal

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1992.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1992 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,31 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,15 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 201 kr., né hærri gjald en 12 655 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 872 kr.

Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1991.

Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins, nr. 497, 19. desember 1990.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar–31. maí 1992 skal skráningargjald skv. I. lið gjaldskrárinnar verða sem hér segir:

	Taxti	Gjald
Skráningargjald	0,5	500